

8. febrúar 2024 - Fréttatilkynning

## Sjóvá – Ársuppgjör

### 4.626 m.kr. hagnaður og samsett hlutfall 94,6% á árinu 2023

#### Fjórði ársfjórðungur 2023

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 699 m.kr. (4F 2022: 675 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 1.890 m.kr. (4F 2022: 989 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 2.321 m.kr. (4F 2022: 1.483 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 4,4% (4F 2022: 2,0%)
- Samsett hlutfall 91,3% (4F 2022: 90,9%)

#### Árið 2023 og horfur fyrir árið 2024

- Hagnaður af váttryggingasamningum fyrir skatta 1.695 m.kr. (12M 2022: 1.522 m.kr.)
- Hagnaður af fjárfestingastarfsemi fyrir skatta 3.606 m.kr. (12M 2022: 1.526 m.kr.)
- Hagnaður tímabilsins 4.626 m.kr. (12M 2022: 2.650 m.kr.)
- Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 9,0% (12M 2022: 3,5%)
- Samsett hlutfall 94,6% (12M 2022: 94,6%)
- Horfur fyrir árið 2024 gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingasamningum verði um 1.100-1.600 m.kr. og samsett hlutfall 95-97%
  - Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi 9,0% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu. Þá má ætla að áhrif áfallinna vaxta (vöxtunar) váttryggingaskuldar verði neikvæð um 1.600-1.800 m.kr. miðað við óbreytt vaxtastig og stærð váttryggingaskuldarinnar
  - Ekki verður upplýst um frávík frá afkomu af fjárfestingastarfsemi nema þær verði raktar til breytinga á óskráðum eignum eða verulegra breytinga á eignasafni

#### Hermann Björnsson, forstjóri:

Rekstrarniðurstöður fyrir árið 2023 endurspeglar sterkan grunnrekstur og góða afkomu af fjárfestingastarfsemi en heildarhagnaður nam 4.626 m.kr. og samsett hlutfall var 94,6%. Hagnaður af váttryggingarekstri fyrir skatta nam 1.695 m.kr. og afkoma af fjárfestingastarfsemi nam 4.500 m.kr. fyrir fjármagnsliði og skatta. Þar af nam söluhagnaður af eignarhlut Sjóvár í Kerecis 1.260 m.kr.

Afkoma á fjórða ársfjórðungi nam 2.321 m.kr. Afkoma af váttryggingasamningum fyrir skatta nam 699 m.kr. og 91,3% samsett hlutfall. Skýrist þessi niðurstaða m.a. af góðum tekjuvexti sem nam 7,5% á milli ára og einstaklega góðu tíðarfari. Afkoma af fjárfestingastarfsemi fyrir fjármagnsliði og skatta var einnig góð eða 2.368 m.kr. og var ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu 4,4%.

Afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir árið 2023 verður að teljast afar góð þegar haft er í huga að nokkur stærri tjón féllu til á árinu. Góður tekjuvöxtur skýrist af miklum metnaði í þjónustu, þéttriðnu útibúaneti ásamt góðum stafrænum lausnum sem efla okkar þjónustustig enn frekar.

Tekjuvöxtur nam 11,6% á árinu og styður sterk staða og ímynd félagsins við vöxtinn auk þess sem aukin umsvif í atvinnulífinu, einkum í ferðapjónustunni, birtast í auknum iðgjöldum. En samhliða auknum umsvifum er tjónakostnaður að aukast umfram tekjur af váttryggingasamingum sem kallar á enn frekari greiningu tilvika og eftir atvikum skýrari aðgerðir til forvarna.

Af starfseminni eru margar ánægjulegar fréttir frá liðnu ári.

Sjóvá fékk viðurkenningu FKA og Jafnvægisvogarinnar sem veitt er þeim fyrirtækjum sem þykja skara fram úr í jafnréttismálum.

Þá náði Sjóvá góðum árangri í UFS sjálfbærnimati Reitunar í júlí þegar félagið fékk einkunnina B2 og 78 stig af 100 mögulegum sem telst góð einkunn. Sjóvá mælist yfir meðaltali í umhverfis- og félagsþáttum og er á pari við meðaltal í stjórnarháttum í samanburði við önnur félög sem metin hafa verið. Matið gerir grein fyrir því hvernig fyrirtæki standa frammi fyrir áhættum sem snúa að umhverfis- og félagsþáttum og stjórnarháttum. Sjóvá hefur lengi keppt við að vera framarlega á sviði sjálfbærni og því er afar ánægjulegt að fá þessa góðu niðurstöðu. Á árinu var sjálfbærninefnd Sjóvár sett á laggirnar sem mun stuðla að aukinni áherslu Sjóvár á sjálfbærni.

Sjóvá hlaut viðurkenningu fyrir góða stjórnarhætti og um leið nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum sem veitt er af Stjórnvísi, Viðskiptaráði, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq á Íslandi.

Á landsþingi Slysavarnarfélagsins Landsbjargar í maí sl. var Sjóvá veitt viðurkenning félagsins, Áttavitann, fyrir stuðning sinn við starfsemi Landsbjargar. Til viðbótar við áralangan stuðning veitti Sjóvá Landsbjörg styrk árið 2021 upp á 142,5 milljónir til kaupa á þremur nýjum björgunarskipum sem öll eru komin í notkun og farin að sanna gildi sitt.

Sjóvá er eitt af fyrirmyndarfyrirtækjum VR 2023 sem er ein stærsta vinnustaðakönnun sem framkvæmd er á Íslandi. Þessi niðurstaða er ánægjuleg staðfesting á þeim miklu gæðum sem við búum að í okkar starfsfólki og áherslum í mannauðsmálum. Líkt og við höfum áður sagt þá helst ánægja starfsfólks í hendur við ánægju viðskiptavina.

Sjóvá mældist efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni 2023, sjöunda árið í röð, en ánægjuvugin mælir hversu ánægðir viðskiptavinir eru með þjónustu fyrirtækja í ýmsum atvinnugreinum. Framúrskarandi þjónusta hefur um árabil verið okkar leiðarljós, hvort sem þjónustan er veitt með stafrænum lausnum eða með beinum samskiptum í útibúum okkar um land allt.

Mikil gerjun hefur verið í stafrænum lausnum og þjónustuleiðum. Markviss vinna hefur verið lögð í að einfalda og bæta tjónaúrvinnslu og tryggja hröð og skilvirk samskipti við viðskiptavini okkar sem lenda í tjónum. Þróun tækniinnviða og stafrænna þjónustuleiða félagsins hefur skilað sér í herra þjónustustigi og aukinni ánægju viðskiptavina, á sama tíma og hlutfall rekstrarkostnaðar félagsins lækkar.

Á árinu hófum við sölu á nýrri vöru sem ætluð er ungu fólki. Í breyttum heimi hafa eignir og verðmæti fólks breyst, ekki síst yngri viðskiptavina okkar. Til að mæta þeirri þróun höfum við hafið sölu á einfaldri tryggingu sem nær yfir snjallsíma, önnur snjalltæki sem og reiðhjól. Snjalltryggingin hefur víðtækari vernd en aðrar sambærilegar tryggingar á markaði.

## Horfur fyrir árið 2024

Horfur fyrir árið 2024 gera ráð fyrir að afkoma af váttryggingastarfsemi fyrir skatta verði á bilinu 1.100-1.600 m.kr. og að samsett hlutfall verði á bilinu 95%-97%. Ekki verða birtar horfur fyrir afkomu af fjárfestingastarfsemi en áætlanir félagsins gera ráð fyrir að ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu nemi 9,0% á ári til lengri tíma miðað við núverandi vaxtastig og fjárfestingastefnu. Þá má ætla að áhrif áfallinna vaxta (vöxtunar) váttryggingaskuldar verði neikvæð um 1.600-1.800 m.kr. miðað við óbreytt vaxtastig og stærð váttryggingaskuldarinnar. Ekki verður upplýst um frávik frá afkomu af fjárfestingastarfsemi nema þær verði raktar til breytinga á óskráðum eignum eða verulegra breytinga á fjárfestingastefnu.

Við gerð áætlunar er stuðst við ýmis opinber gögn, t.d. spár um þróun vísitalna, hagvöxt og áætlaðan ferðamannafjölda. Þá er litið til tjónapróunar undanfarinna ára auk þess sem áætlað er fyrir tveimur til þremur stórtjónum á árinu.

## Tillaga stjórnar um arð og ákvörðun um að hefja endurkaup eigin hluta

Arðgreiðslustefna félagsins miðar við að greiða að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs til hluthafa í formi arðs að því gefnu að gjaldþol sé innan gjaldþolsviðmiða stjórnar. Samþykkt var á stjórnarfundum í dag að leggja til við hluthafafund að greiða út arð að fjárhæð 2.450 m.kr. eða 2,12 kr. á hlut.

Óskað hefur verið eftir viðeigandi heimild frá Fjármálaeftirlitinu til þess að hefja endurkaup.

## Kynningarfundur 8. febrúar kl. 16:15

Markaðsaðilum og fjárfestum er boðið á kynningarfund í fundarsal félagsins í Kringlunni 5, 6. hæð þann 8. febrúar kl. 16:15. Þar munu Hermann Björnsson forstjóri, Sigríður Vala Halldórsdóttir framkvæmdastjóri fjármála og upplýsingatækni og Þórður Pálsson forstöðumaður fjárfestinga kynna uppgjórið og fara yfir afkomu félagsins. Kynningunni verður jafnframt streymt á slóðinni:

<https://www.sjova.is/um-okkur/fjarfestar/afkomukynning-4f-2023/>

Vilji aðilar bera upp spurningar má senda þær á netfangið [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is) fyrir fundinn eða á meðan á fundi stendur og verður þeim svarað í lok kynningarinnar.

Uppgjörsefni verður aðgengilegt á vef Sjóvár [www.sjova.is/fjarfestar](http://www.sjova.is/fjarfestar) frá þeim tíma er kynningin hefst og verður upptaka af fundinum aðgengileg á sömu síðu að fundi loknum.

### Fjárhagsdagatal

Aðalfundur 2024.....	<b>7. mars 2024</b>
1. ársfjórðungur 2024.....	<b>19. apríl 2024</b>
2. ársfjórðungur 2024.....	<b>17. júlí 2024</b>
3. ársfjórðungur 2024.....	<b>21. október 2024</b>
Ársuppgjör 2024.....	<b>6. febrúar 2025</b>
Aðalfundur 2025.....	<b>13. mars 2025</b>

### Nánari upplýsingar

Meðfylgjandi er fréttatilkynning, ársreikningur samstæðunnar og fjárfestakynning Sjóvá-Almennra trygginga hf. vegna fjórða ársfjórðungs og ársuppgjörs 2023.

Í samræmi við lög birtir Sjóvá ársreikning á sameiginlegu rafrænu skýrslusniði (e. European Single Electronic Format eða ESEF) og má finna gildandi útgáfu ársreikningsins í meðfylgjandi .zip skrá.

Nánari upplýsingar veitir Davíð Scheving Thorsteinsson í síma 869-8109 eða [fjarfestar@sjova.is](mailto:fjarfestar@sjova.is).

## Helstu niðurstöður og lykiltölur

	4F 2023	4F 2022*	%	12M 2023	12M 2022*	%
Tekjur af váttryggingasamningum	8.017.608	7.459.059	7,5%	31.273.382	28.011.113	11,6%
Tjón tímabilsins	(5.578.983)	(4.995.632)	11,7%	(23.425.571)	(20.227.727)	15,8%
Rekstrarkostnaður af váttryggingasamningum	(1.680.903)	(1.595.485)	5,4%	(6.122.677)	(5.772.309)	6,1%
Afkoma af endurtryggingasamningum	(58.249)	(192.739)	-69,8%	(30.390)	(488.889)	-93,8%
<b>Afkoma af váttryggingasamningum</b>	<b>699.473</b>	<b>675.203</b>	<b>3,6%</b>	<b>1.694.744</b>	<b>1.522.187</b>	<b>11,3%</b>
Hreinar fjármunatekjur	92.510	1.135.320	-91,9%	931.142	1.586.237	-41,3%
Gangvirðisbreytingar fjáreigna	2.356.944	(80.273)	-	3.868.729	88.043	-
Rekstrarkostnaður af fjárfestingastarfsemi	(81.941)	(79.269)	3,4%	(299.600)	(290.597)	3,1%
<b>Afkoma fjárfestinga</b>	<b>2.367.512</b>	<b>975.779</b>	<b>-</b>	<b>4.500.271</b>	<b>1.383.683</b>	<b>-</b>
Fjármagnsliðir váttryggingasamninga	(477.722)	(13.116)	-	(893.865)	142.607	-
<b>Afkoma fjárfestinga eftir fjármagnsliði</b>	<b>1.889.790</b>	<b>988.895</b>	<b>91,1%</b>	<b>3.606.406</b>	<b>1.526.290</b>	<b>-</b>
<b>Afkoma af váttryggingasamningum og fjárfestingum</b>	<b>2.589.263</b>	<b>1.664.099</b>	<b>55,6%</b>	<b>5.301.149</b>	<b>3.048.477</b>	<b>73,9%</b>
Aðrar tekjur	41.272	33.419	23,5%	157.276	138.367	13,7%
Annar rekstrarkostnaður	(11.806)	(13.586)	-13,1%	(46.001)	(48.915)	-6,0%
Annar fjármagnskostnaður	(17.036)	(17.017)	0,1%	(68.157)	(67.511)	1,0%
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>2.601.694</b>	<b>1.666.914</b>	<b>56,1%</b>	<b>5.344.267</b>	<b>3.070.418</b>	<b>74,1%</b>
Tekjuskattur	(280.218)	(184.008)	52,3%	(718.719)	(420.105)	71,1%
<b>Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins</b>	<b>2.321.475</b>	<b>1.482.906</b>	<b>56,5%</b>	<b>4.625.549</b>	<b>2.650.313</b>	<b>74,5%</b>
<b>Helstu kennitölur</b>	<b>4F 2023</b>	<b>4F 2022*</b>		<b>12M 2023</b>	<b>12M 2022</b>	
Tjónahlutfall	69,6%	67,0%		74,9%	72,2%	
Endurtryggingahlutfall	0,7%	2,6%		0,1%	1,7%	
Kostnaðarhlutfall	21,0%	21,4%		19,6%	20,6%	
Samsett hlutfall	91,3%	90,9%		94,6%	94,6%	
Arðsemi eigin fjár fyrir skatta á ársgrundvelli	46,6%	29,3%		23,9%	13,5%	
Arðsemi eigin fjár eftir skatta á ársgrundvelli	41,6%	26,0%		20,7%	11,6%	
Eiginfjárhlutfall				33,7%	34,6%	
Gjaldþolshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup				1,40	1,41	
Lágmarksfjármagnshlutfall eftir fyrirhugaða arðgreiðslu og tilkynnt endurkaup				3,40	3,49	
<b>Helstu liðir úr efnahagsreikningi</b>				<b>31.12.2023</b>	<b>31.12.2022*</b>	
Verðbréf				54.267.272	51.254.266	
Endurtryggingaeignir				1.815.922	1.037.824	
Eignir samtals				69.304.836	61.682.825	
Skuldbinding vegna váttryggingasamninga				36.748.810	32.058.522	
Eigið fé samtals				23.321.301	21.332.043	

## Fjárhæðir eru í þúsundum króna

\* Framsetningu samanburðarfjárhæða hefur verið breytt til samræmis við innleiðingu nýrra reikningskilastaðla

Ársreikningur samstæðunnar fyrir árið 2023 var samþykktur af stjórn og forstjóra á stjórnarfundi þann 8. febrúar 2024.